



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 20.maí 2019 kl16:30

Fundurinn fer fram í Gamla skóla

Dagskrá fundar:

Lestur fundargerðar

Skóladagatöl seinni umræða

Afstaða sem taka skal til umfjöllunar

Skóladagarnir byrji kl 8:15 eftir lengri frí.

Leikskóladeildarfundir: Niðurstöður foreldrakönnun til að athuga með starfsmannafundina frá kl 8-9 og frí á milli jóla og nýs árs, og viðbrögð við henni.

Starfsáætlanir næsta árs og skólanámskrá (vefur skólans)

Innra mat

Fundargerð

Mætt eru: Bjarnheiður, Þorkell, Sonia, Ólafía og Svandís

Fundur settur kl. 16:30 og stjórnar Svandís fundi.

Lestur fundargerðar: Svandís les fundargerð síðasta fundar.

Skóladagatöl seinni umræða:

Leikskóladeild. Svandís fór yfir könnun sem lögð var fyrir foreldra vegna starfsmannafunda 8-9 á þriðjudögum einu sinni í mánuði. 50% myndi ekki lenda í vandræðum, 35,71% myndi lenda í vandræðum og 14,29% segja að það skipti ekki máli. Ábendingar komu fram um þriðjudaginn sem er ferjudagur. Ákveðið að leggja aftur fyrir könnun á leikskóladeildinni og spyrja um t.d. fimmtudag milli 8 og 9 eða milli 3 og 4. Foreldrar barna sem fara í grunnskóladeild í haust fá ekki könnunina. Könnun var líka gerð um það hvort lokun milli jóla og nýárs kæmi sér illa. 53,57% geta samþykkt það en 46,43% geta ekki samþykkt þetta. Samþykkt að hafa ekki frídaga milli jóla- og nýárs en spyrja foreldra hverjir myndu mæta þessa daga og gefa frí út frá því. Gott væri að setja inn útskýringar um hvað litirnir merkja á dagatölum. Betra væri að hafa heilan starfsdag í upphafi skólaárs heldur en hálfan.

Listadeild: Fylgir skóladagatali grunnskóladagatali.

Grunnskóladeild: Fundamenn eru allir sammála því að grunnskóli hefjist kl. 8:15 eftir frí í stað þess kl. 10:05 Ólafía spurði um 3. janúar og þriðjudag eftir páska hvort ekki væri möguleiki að hafa starfsdaga sameiginlega þessa daga og fá t.d. fræðslu um uppeldi til ábyrgðar. Vefur skólans er skólanámskrá skólans.

Starfsáætlanir og starf í Seyðisfjarðarskóla á næsta ári

Starfsáætlanir verða ræddar í vor og haust, nokkuð mörg mál eru óafgreidd og munu fá mál bætast við. Unnið verður með Uppeldi til ábyrgðar með nemendum og foreldrum. Rætt um að vera með símalausa skóla í náinni framtíð. Skólinn kemur til með að útvega nemendum tæki sem þau geta hlustað á tónlist. Ætti líka að gilda um starfsmenn en með undantekningum þó t.d ef viðkomandi starfsmaður býður eftir símtali frá lækni. Ábending til leikskóladeildar um að það gildi það sama með síma hjá starfsmönnum. Rætt um mönnun næsta árs. Auglýst verður aftur. Vantar kennara í listadeildina og verk- og listgreinar í grunnskóladeildinni. Vantar í heimilisfræði og textilmennt. Stuðningsfulltrúi hefur sótt um og verður í 1. bekk og í 6. bekk. Áhyggjur eru af starfsmannahaldi í leikskóladeildinni.

Innra mat: verður lagt fyrir leikskóla- og grunnskóladeild næsta skólaár meðal annars skólapúlsinn og Olweus. Skoða árangur í íslensku og stærðfræði út frá skimunum.

Í haust verður kosið í nýtt skólaráð. Svandís segir að fundarmenn hafi staðið sig vel í ár. Gott að hafa ólík sjónarmið. Svandís þakkar fyrir velunnin störf og vonar að starfsmenn í skólaráði sjái sér fært að vera áfram

Þorkell spyr um niðurstöður frá Lífi og sál en hann langaði að sjá niðurstöður betur. Skýrslan var ekki til dreifingar.

Fundi slitið kl. 17:50 Ólafía skrifar fundargerð